

YFIRLÝSING

formanna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og þingflokksformanns Hreyfingarinnar, vegna frumvarps um ríkisábyrgð á lántöku Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (Icesave-reikningar):

Stjórnarandstaðan mun leggja til að frumvarpi fjármálaráðherra verði vísað frá Alþingi og til ríkisstjórnarinnar til frekari meðferðar. Stjórnarandstaðan telur að ríkisstjórninni beri að taka upp viðræður við Evrópusambandið í þeim tilgangi að það hafi milligöngu um að leiða deilu þjóðanna til lykta á sanngjarnan hátt. Verði ekki á það fallist beri að hafna öllum kröfum um ríkisábyrgð þannig að Bretar og Hollendingar þurfi að sækja kröfur sínar á hendur íslenska ríkinu fyrir íslenskum dómstólum.

Verði málið áfram til meðferðar á þinginu krefst stjórnarandstaðan þess að vandlega verði farið yfir þau fjölmörgu álitamál sem enn er ósvarað. Þau varða m.a.:

- **Hvort frumvarpið samrýmist ákvæðum stjórnarskrár Íslands**
- **Hversu miklar fjárhagsskuldbindingar samningarnir fela í sér**
- **Efnahagslegar hættur af því að hafa skilyrðislausu greiðsluskyldu á vöxtum**
- **Áhrif breytinga sem gerðar voru á efnahagslegu fyrirvörunum frá því í sumar**
- **Áhrif breyttra reglna um úthlutun úr þrotabúi Landsbankans (Ragnars Hall ákvæðið)**
- **Þörf á betri greiningu á mögulegri gengisáhættu í málinu**
- **Þörf á nákvæmari samanburði á áhrifum þess að hafa vexti fasta en ekki breytilega**
- **Nýjar upplýsingar um mat AGS á greiðsluþoli ríkissjóðs benda til þess að hann ráði ekki við þær skuldbindingar sem í samningunum felast**
- **Upplýsa þarf nánar hvaða forsendur þjuggu að baki Brussel-viðmiðunum**
- **Misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á samningnum**
- **Mat sérfræðinga í enskum lögum á texta samningsins liggur ekki fyrir**
- **Lögfræðilegt mat skortir á afleiðingum þess að ensk lög gildi um samninginn en ekki íslensk verði látið á ákvæði þeirra reyna fyrir dómstólum**
- **Óljóst er hvaða áhrif það hefur á skuldbindingar íslenska ríkisins verði ráðist í endurskoðun á innlánstryggingakerfi ESB, sem mun vera hafin**
- **Hvaða afleiðingar það mun hafa verði frumvarpið ekki samþykkt eða verði dráttur á lyktum deilunnar**

Stjórnarandstaðan leggur mikla áherslu á að gangi frumvarpið til lokaatkvæðagreiðslu og verði það samþykkt verði tryggt að forseti Íslands, en ekki handhafar forsetavalds, taki það til frekari meðferðar samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar munu allir sem einn greiða atkvæði gegn Icesave-frumvarpinu eins og það liggur fyrir þinginu.

Alþingi, 4. desember 2009,

Bjarni Benediktsson,
formaður Sjálfstæðisflokksins

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins

Birgitta Jónsdóttir,
þingflokksformaður Hreyfingarinnar

Nánar um stöðu málsins

Icesave-frumvarpið, sem nú er til umræðu á Alþingi, varðar án vafa mestu þjóðarhagsmuni sem þingið hefur fjallað um í langri sögu sinni. Íslendingar heyja nú harða baráttu fyrir sjálfstæði sínu. Fyrir því má færa skýr efnahagsleg rök, en einnig og ekki síður þjóðréttarleg og lagaleg, sem byggjast á því að samningarnir hafa verið gerðir á grundvelli pólitískra afarkosta og þvingana. Bretar og Hollendingar hafa hafnað öllum hugmyndum um sanngjarna lausn í málinu þar sem tillit er tekið til hagnuna allra hlutaðeigandi.

Þær skuldbindingar sem samningarnir kveða á um byggjast ekki á neinum lagaskyldum, hvorki samkvæmt íslenskum rétti né evrópskum. Því fer ríkisstjórnin fram á það með málatilbúnaði sínum nú að íslenska þjóðin takist á herðar skuldbindingar sem hún hefur aldrei undirgengist. Þessar skuldbindingar eru svo gríðarlegar að þær munu stefna fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í stórkostlega hættu, enda verður ekki séð að þjóðin geti staðið undir þeim.

Með frumvarpi um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna er ríkisstjórnin að leggja blessun sína yfir að Íslendingar verði neyddir til að samþykkja allar kröfur Bretlands og Hollands án þess að færi gefist á að leggja ágreining í málinu fyrir hlutlausa dómstóla. Það er sjálfsgætur og óumdeildur réttur hvernar sjálfstæðrar og fullvalda þjóðar að fara fram á að ágreiningur verði leystur fyrir dómstólum. Þann rétt myndu viðsemjendur okkar eða aðrar Evrópuþjóðir aldrei gefa frá sér í frjálsum samningum.

Fyrir lokaafgreiðslu málsins frá Alþingi munu þingflokkar í stjórnarandstöðu leggja fram frávisunartillögu þar sem Icesave-samningarnir eru algerlega óviðunandi. Enda þótt ríkisstjórnin hafi fram til þessa brugðist því mikilvæga hlutverki sínu að afla málstað Íslands stuðnings hjá öðrum Evrópuþjóðum er nauðsynlegt að fela henni að taka málið upp við forystu Evrópusambandsins og fara fram á að hún hlutist til um sanngjarna lausn málsins sem hafi hliðsjón af því að löggjöf Evrópusambandsins hefur reynst meingölluð. Reynist það ómögulegt er augljóst að hafna á ríkisábyrgð í málinu og viðsemjendur okkar verða þá einfaldlega að sækja kröfur sínar fyrir dómstólum á Íslandi.

Við meðferð Icesave-málsins í sumar setti Alþingi skilyrði fyrir ríkisábyrgð, sem í daglegu tali eru nefndir fyrirvarar. Þeim fyrirvörum, sem lögfestir voru, var ætlað að verja hagsmuni Íslands gagnvart kröfum Breta og Hollendinga á hendur Íslendingum.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, staðfesti lögin sem Alþingi hafði samþykkt með sérstakri áritaðri tilvísun til fyrirvara Alþingis. Hin sérstaka áritun undirstrikaði mikilvægi fyrirvaranna fyrir hagsmuni þjóðarinnar. Yfirlýsing forsetans verður ekki skilin öðruvísi en svo að þeir hafi verið forsenda þess að lögin hlutu staðfestingu hans, enda lýsti forseti Íslands fyrirvörum Alþingis með þeim hætti að þeir tækju mið af sanngjörnum rétti þjóðarinnar, hagsmunum Íslendinga á komandi árum og alþjóðlegri samábyrgð. Þessir fyrirvarar hafa nú verið að engu gerðir.

Með hinu nýja Icesave-frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi er sú vörn sem fyrirvararnir áttu að veita íslensku þjóðinni gagnvart kröfum Breta og Hollendinga ekki lengur fyrir hendi. Gildir þar einu hvort um er að ræða hina efnahagslegu- eða lagalegu fyrirvara. Lagt er til að ríkisábyrgðin verði ótímabundin og ótakmörkuð, í stað þess að vera tímabundin og takmörkuð eins og áður hafði verið ákveðið. Ekkert í samningunum bendir til þess að þar sé „tekið tillit til hinna erfðu og fordæmislausu aðstæðna sem Ísland er í og knýjandi

nauðsynjar þess að ákveða ráðstafanir sem gera Íslandi kleift að endurreisa fjármála- og efnahagskerfi sitt“ eins og svokölluð Brüssel-viðmið kveða á um.

Icesave-samningarnir stríða freklega gegn hagsmunum íslensku þjóðarinnar. Nægir þar að nefna að samkvæmt þeim þarf að verja tekjuskatti 79.000 Íslendinga um ókomin ár til þess eins að greiða vexti sem af samningunum leiða.

Því miður hafa forystumenn ríkisstjórnarflokkanna, Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, ekki haft neitt samstarf við eða leitað eftir neinni samstöðu með stjórnarandstöðuflokkunum við lausn þessa máls, hvorki innan Alþingis né utan. Það er miður, ekki síst í ljósi þess hversu mikilvægt það er að í þessu máli snúi forystumenn allra stjórnaráflokka bökum saman og vinni saman að hagsmunum þjóðarinnar þegar að henni er sótt.

Stjórnarandstaðan á Alþingi hefur ítrekað boðið að önnur mál ríkisstjórnarinnar, sem bíða afgreiðslu þingsins, fái þar framgang á meðan ráðist verður í yfirferð á þeim álitamálum sem hér hafa verið nefnd. Því boði hafa ríkisstjórnarflokkarnir hafnað.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert allt sem í þeirra valdi stendur í umræðum á Alþingi síðustu vikur og mánuði til þess að reyna að koma í veg fyrir að það ranglæti sem felst í frumvarpinu verði lögfest.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar munu ekki samþykkja að slíkar byrðar verði lagðar á fólkið í landinu, enda telja þeir að alþingismenn hafi ekki heimild til þess að skuldsetja framtíðarkynslóðir þjóðarinnar með þeim hætti sem ríkisstjórnin leggur til að gert verði.

Því mun stjórnarandstaðan, eins og áður segir, leggja til að frumvarpi fjármálaráðherra verði vísað frá Alþingi og til ríkisstjórnarinnar til frekari meðferðar. Ríkisstjórninni ber að taka málið upp við Evrópusambandið í þeim tilgangi að leiða deilu þjóðanna til lykta á sanngjarnan hátt. Verði ekki á það fallist ber að hafna öllum kröfum um ríkisábyrgð þannig að Bretar og Hollendingar þurfi að sækja kröfur sínar á hendur íslenska ríkinu fyrir íslenskum dómstólum.

Í því felst enginn flótti íslenska ríkisins frá skuldbindingum sínum, heldur einungis heiðarleg og sanngjörn krafa um að fá úr því skorið eftir meginreglum réttarríkisins hverjar þær eru.

Stjórnarandstaðan krefst þess að eftirfarandi verklag verði viðhaft við meðferð málsins innan fjárlaganefndar Alþingis, og annarra fastanefnda Alþingis, milli 2. og 3. umræðu, eftirfarandi gagna og upplýsinga verði aflað og að þeirra verði aflað frá aðilum eða stofnunum sem fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu eru sammála um að leitað verði til:

1. Lögfræðialit um hvort frumvarpið standist ákvæði stjórnarskrár
2. Mat á því hversu miklar fjárhagsskuldbindingar samningarnir fela í sér
3. Mat á hættu á því að kveða á um skilyrðislausu greiðsluskyldu á vöxtum
4. Mat á fjárhagslegri þýðingu breytinga á efnahagslegum fyrirvörum
5. Mat á fjárhagslegri þýðingu á breytingu fyrirvara er varða reglur um úthlutun úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. (Ragnars Hall ákvæðið)
6. Mat á gengisáhættu samninganna.
7. Mat á fjárhagslegri þýðingu þess að vextir samkvæmt samningunum séu fastir (5,55%) en ekki breytilegir
8. Mat á þýðingu nýrra upplýsinga um mat AGS á greiðsluþoli ríkissjóðs
9. Nánari upplýsingar frá fyrrverandi utanríkisráðherra Íslands, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, um hverjar forsendur Brüssel-viðmiðanna voru.
10. Skýra misræmi í túlkun forsætisráðherra Íslands og Bretlands á ákvæðum samninganna.
11. Lögfræðialit sérfræðinga í enskum lögum á texta samninganna.
12. Lögfræðialit á þýðingu þess að ensk lög gildi um samningana en ekki íslensk, verði látið reyna á ákvæði þeirra fyrir dómstólum.
13. Mat á áhrifum endurskoðunar á löggjöf ESB um innlánstryggingakerfi á skuldbindingar Íslands samkvæmt samningunum.
14. Mat á afleiðingum þess að frumvarpið verði ekki samþykkt óbreytt eða að dráttur verði á samþykkt þess.
15. Þær fundargerðir, skrifleg gögn og frásagnir, sem óskað hefur verið eftir á Alþingi, af fundum íslenskra ráðherra og erindreka þeirra við erlenda aðila.
16. Lögð er áhersla á að þau atriði sem að ofan greinir og falla undir málasvið efnahags- og skattanefndar, og eftir atvikum undir málasvið annarra fastanefnda Alþingis, verði send þeim nefndum til efnislegrar meðferðar og umsagna um þau leitað hjá viðkomandi nefndum og þau yfirfarin í fjárlaganefnd.